

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 1997-2017.

Með vísan til 19. gr. og 61. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hafa umhverfisráðherra og utanríkisráðherra í dag staðfest aðalskipulag Sandgerðisbæjar 1997-2017.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Bæjarstjórn Sandgerðisbæjar hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 5. ágúst 1999.

Utanríkisráðuneytinu, 5. ágúst 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

Halldór Ásgrímsson.

Benedikt Ásgeirsson.

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Vesturlandssvæðis.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Vesturlandssvæðis, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Tímagjald

kr. 4.975

Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun

kr. 3.500

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af starfsemi eins og fram kemur á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða er að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjaldið.

Ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu síðastliðin þrjú ár, hefur haft vottað gæðakerfi síðastliðin þrjú ár eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni síðastliðin þrjú ár, sem heilbrigðisnefnd telur ganga lengra en reglur kveða á um, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

| | |
|--|------------------|
| Endurnýjun starfsleyfis: Starfsleyfisgjald og auglýsingakostnaður ef við á | hálf títímagjald |
| Ný starfsemi: Starfsleyfisgjald og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks ásamt auglýsingakostnaði ef við á | eitt títímagjald |
| Önnur starfsleyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun: Starfsleyfisgjald og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs ásamt auglýsingakostnaði ef við á | eitt títímagjald |

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Vesturlandssvæðis gefur út samkvæmt fyrirleggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðnir skal greiða hálf títímagjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Vesturlandssvæðis er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6. gr.

Af starfsemi, sem upp er talin í viðauka með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og Heilbrigðiseftirlit Vesturlandssvæðis hefur eftirlit með samkvæmt samningi við Hollustuvernd ríkisins, skal greiða gjöld samkvæmt 2. gr.

7. gr.

Aðildarsveitarfélögin, eða aðili sem þau tilnefna, annast innheimtu eftirlitsgjalda. Heilbrigðiseftirlit Vesturlandssvæðis innheimtir önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, s.s. fyrir leyfi, vottorð, eiturbeiðnir og þjónustuverkefni.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við viðauka A sem fylgir gjaldskrá þessari og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

8. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. apríl og eindagi 1. maí ár hvert. Gjalddagi gjalda af sumarrekinni starfsemi er 1. júlí og eindagi 1. ágúst. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

9. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, þá í þeim flokki sem hærrí er.

10. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af aðildarsveitarfélögum skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 109/1987 fyrir heilbrigðiseftirlit Vesturlands-svæðis, með síðari breytingum, gjaldskrá nr. 149/1988 fyrir mengunareftirlit Vesturlands-svæðis, gjaldskrá nr. 108/1987 fyrir heilbrigðiseftirlit Akranessvæðis með síðari breytingum og gjaldskrá nr. 176/1992 fyrir mengunareftirlit Akranessvæðis.

Borgarnesi, 30. júní 1999.

F.h. heilbrigðisnefndar,

Helgi Helgason.

VIÐAUKI A

| Atvinnugreinar | Gjald kr. |
|---|-----------|
| Svínarækt < 2000 stæði fyrir alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur | 28.600 |
| Alifuglarækt < 40.000 stæði | 21.100 |
| Loðdýrabú | 21.100 |
| Hundahótel | 3.400 |
| Kattahótel | 3.100 |
| Seiðaelðisstöðvar með fleiri en 150 þús. seiði og afrennsli | 10.600 |
| Land- og kvíaeldi | 26.100 |
| Malar- og sandnám; vikurnám | 5.000 |
| Sláturhús < 50t/dag | 42.300 |
| Saltfiskverkun | 14.900 |
| Heitloftspurrkun fiskafurða | 17.400 |
| Harðfiskverkun | 17.400 |
| Vinnsla á ferskum fiski, lítil | 17.400 |
| Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs | 21.100 |
| Vinnsla á ferskum fiski, stór | 28.600 |
| Mjölvinnsla úr sjávarafurðum | 19.900 |
| Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta lítil | 24.600 |
| Sultu- og ávaxtagrautargerð | 22.200 |
| Salatgerð | 22.200 |
| Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi < 10 tonn á dag | 23.600 |
| Mjólkurbú og ostagerð | 125.500 |
| Framleiðsla húsdýrafóðurs | 3.700 |
| Bakarí, miðlungs | 24.600 |
| Kökugerð, lítil | 14.900 |
| Súkkulaði- og sælgætisgerð | 11.200 |
| Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja | 28.600 |

| Atvinnugreinar | Gjald kr. |
|--|------------------|
| Trésmíðaverkstæði með lökkun | 9.900 |
| Trésmíðaverkstæði án lökkunar | 4.400 |
| Prentiðnaður, lítill | 4.700 |
| Prentiðnaður með framköllun | 13.100 |
| Garðauðun | 3.700 |
| Plastiðnaður | 9.900 |
| Vinnsla með plast- og frauðefni | 9.900 |
| Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu | 6.800 |
| Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu | 10.600 |
| Olúmálar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu | 16.200 |
| Meðferð og húðun málma | 11.800 |
| Blikksmíði | 3.700 |
| Vélsmíða- og vélaviðgerðaverkstæði | 4.000 |
| Rafvéla- og vélaverkstæði | 3.700 |
| Stálsmíði og stálskipagerð | 26.100 |
| Spennistöðvar | 3.100 |
| Vatnsveitur 5.000 - 10.000 íbúa | 42.000 |
| Vatnsveitur 1.000 - 5.000 íbúa | 28.000 |
| Vatnsveitur < 1.000 íbúa | 7.000 |
| Vatnsveitur, einka | 5.800 |
| Bifreiða- og vélaverkstæði, lítið | 4.000 |
| Bifreiða- og vélaverkstæði, miðlungs | 4.400 |
| Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, lítið | 11.200 |
| Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, miðlungs | 14.300 |
| Bón- og bílaþvottur, sjálfvirkur | 12.400 |
| Bón- og bílaþvottur, handvirkur | 6.200 |
| Smurstöðvar | 15.500 |
| Bensínstöðvar | 19.900 |
| Bensínstöðvar með matvöru | 47.300 |
| Bensínstöðvar með veitingasölu | 65.700 |
| Móttaka á úrgangi til endurvinnslu | 9.300 |
| Matvöruverslun með vinnslu, lítill | 24.600 |
| Matvöruverslun með vinnslu, miðlungs | 41.800 |
| Matvöruverslun án vinnslu, miðlungs | 17.400 |
| Söluturnar með óvarin matvæli, litlir | 13.700 |
| Fiskbúðir með vinnslu, litlar | 22.200 |
| Áfengisverslun | 7.500 |
| Apótek | 8.700 |
| Snyrtivöruverslun | 8.700 |
| Byggingavöruverslanir, litlar | 23.600 |
| Járnvöruverslanir | 10.600 |
| Málningarvöruverslanir | 14.300 |
| Hótel með veitingasölu, lítið | 23.600 |
| Hótel með veitingasölu, miðlungs | 52.200 |
| Hótel með veitingasölu, stórt | 60.700 |
| Hótel og gistiheimili án veitingasölu, stórt | 21.100 |
| Farfuglaheimili og fjallaskálar, heilsársnotkun | 8.100 |
| Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, lítið | 4.000 |
| Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, miðlungs | 8.100 |
| Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, stórt | 10.600 |
| Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting með veitingasölu | 10.600 |
| Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting án veitingasölu | 8.100 |
| Matsölustaðir, litlir | 24.900 |

| Atvinnugreinar | Gjald kr. |
|---|------------------|
| Matsölustaðir, miðlungs | 38.300 |
| Skyndibitastaðir, litlir | 27.400 |
| Skemmtistaðir með matsölu | 19.900 |
| Krár, kaffihús með matsölu | 19.900 |
| Mötuneyti með móttökueldhúsi, lítið | 17.400 |
| Vöruflutningamiðstöðvar | 23.600 |
| Flugvellir með eldsneytisafgreiðslu | 18.700 |
| Flugvellir án eldsneytisafgreiðslu | |
| Framköllunarþjónusta, sérhæfð | 9.300 |
| Ljósmyndastofur með framköllum | 8.100 |
| Fangelsi, lítið | 5.000 |
| Fangelsi, miðlungs | 23.600 |
| Grunnskólar án mötuneytis | 9.900 |
| Grunnskólar með fullbúnu eldhúsi | 27.100 |
| Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknað með fullbúnu eldhúsi | 25.900 |
| Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með fullbúnu eldhúsi | 25.900 |
| Tónlistarskólar | 4.400 |
| Deildaskipt sjúkrahús, miðlungs með móttökueldhúsi | 26.100 |
| Dvalar- og hjúkrunarheimili, miðlungs með móttökueldhúsi | 21.100 |
| Dvalar- og hjúkrunarheimili, stór með fullbúnu eldhúsi | 32.300 |
| Vistheimili | 9.900 |
| Áfengismeðferð | 19.900 |
| Heilsugæslustöðvar | 4.400 |
| Læknastofur | 4.400 |
| Tannlæknastofur | 4.400 |
| Sjúkraþjálfun | 4.400 |
| Fótaaðgerðarstofur | 8.700 |
| Yoga-stofur, heilun o.fl. | 8.700 |
| Dýralæknastofur án röntgen | 3.400 |
| Heimili fyrir börn og unglinga | 8.700 |
| Leikskólar með fullbúið eldhús | 23.400 |
| Gæsluvellir | 8.700 |
| Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi | 9.900 |
| Félagsaðstaða fyrir fullorðna með móttökueldhúsi | 19.900 |
| Félagsaðstaða fyrir fullorðna með fullbúnu eldhúsi | 25.900 |
| Samkomusalir með fullbúnu eldhúsi | 22.400 |
| Aðrar skólphreinsistöðvar | |
| Gámastöð | 4.400 |
| Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni | 4.000 |
| Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun á seyru | 4.000 |
| Sorpflutningar og sorphirða | 5.600 |
| Áhaldahús sveitarfélags | |
| Kirkjur | 3.700 |
| Kvikmyndahús | 11.800 |
| Sundstaðir, litlir | 31.400 |
| Sundstaðir, miðlungs | 60.800 |
| Íþróttahús, lítil | 8.700 |
| Íþróttahús, miðlungs | 11.200 |
| Íþróttavellir | 4.400 |
| Skíðaskálar, skíðasvæði | 5.000 |
| Hestahald (hesthúshverfi) | 5.000 |
| Skotvellir | 9.300 |
| Þvottahús og efnalaugar | 8.700 |

Atvinnugreinar

| | Gjald kr. |
|-------------------------------|------------------|
| Efnalaugar | 9.900 |
| Hárgreiðslu- og snyrtistofur | 9.900 |
| Hárgreiðslustofur | 8.700 |
| Snyrtistofur | 8.700 |
| Líkamsræktarstöðvar, miðlungs | 17.400 |
| Líkamsræktarstöðvar, stórar | 18.700 |
| Sólbaðstofur án heitra potta | 8.700 |
| Nuddstofur | 8.700 |

6. júlí 1999

Nr. 555

REGLUGERÐ**um sérfræðileyfi í félagsráðgjöf.**

1. gr.

Rétt til að kalla sig sérfræðing á sérsviði innan félagsráðgjafar hafa þeir félagsráðgjafar einir, er til þess hafa fengið leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

2. gr.

Til þess að félagsráðgjafi geti átt rétt á að öðlast sérfræðileyfi skal hann hafa fullnægt þeim kröfum, er hér greinir:

1. Hlotið leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til að kalla sig félagsráðgjafa, sbr. 1. gr. laga nr. 95/1990 um félagsráðgjöf.
2. Lokið framhaldsnámi og aðfararnámi samkvæmt 3. gr. sbr. 13. gr.
3. Stundað sérnám og starfsþjálfun samkvæmt 7. og 8. gr.
4. Lokið ritsmíð og fullnægt ákvæðum 10. gr.

3. gr.

Til þess að geta hafið sérnám í félagsráðgjöf skal félagsráðgjafi hafa lokið eigi minna en 5 ára háskólanámi með framhaldsnámi í félagsráðgjöf. Grunnám má vera í annarri háskólagrein, sem er tengd félagsráðgjöf.

4. gr.

Sérnám og starfsþjálfun samkvæmt 7. og 8. gr. má einungis fara fram á þeim fræðslu-, þjónustu- og meðferðarstofnunum, sem viðurkenndar eru. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið veitir slíka viðurkenningu að fengnum tillögum sérfræðinefndar sbr. 13. gr., sem metur starfsemi stofnana og hæfni leiðbeinenda og handleiðara. Nefndin endurskoðar mat sitt á tveggja ára fresti.

Félagsráðgjafar, sem stunda sérnám, skulu að jafnaði vera í fullu starfi á þeim stofnunum þar sem þeir nema, en þó aldrei minna en 50% og lengist þá starfsþjálfunartíminn og fjöldi handleiðslutíma að sama skapi.

Heimilt er að veita þeim félagsráðgjöfum sérfræðileyfi, sem fengið hafa sérfræðileyfi eða lokið sérnámi í öðrum löndum, séu kröfur sambærilegar, enda þótt námstílhögun sé með öðrum hætti. Sérnám ásamt starfsþjálfun með handleiðslu má þó aldrei standa skemur en í 4 ár að loknu framhaldsnámi.

5. gr.

Félagsráðgjafi getur sótt um sérfræðileyfi á einu af fjórum sérsviðum félagsráðgjafar:

1. Félagsráðgjöf á heilbrigðissviði - klínísk félagsráðgjöf.
2. Félagsráðgjöf í félagsþjónustu.